

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um kostnað við varnaðarmerkingar á tóbaki.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er árleg sala tóbaks hérlendis og hversu stór hluti hennar er sala vindlinga?*
2. *Hver er kostnaður við að merkja tóbak með aðvörun um skaðsemi þess, annars vegar árlegur heildarkostnaður og hins vegar kostnaður á einingu, t.d. einn vindlingapakka?*
3. *Hver ber kostnað af varnaðarmerkingum á tóbaki?*

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR var heildarsala tóbaks með virðisaukaskatti á árinu 1999 5.851.362 þús. kr., 5.826.738 þús. kr. á árinu 2000 og 6.151.023 þús. kr. á árinu 2001. Sala vindlinga hefur verið um 92% af heildarsölu tóbaks. Á árinu 2001 var sala vindlinga 5.665.319 þús. kr.

Innkaupasamningar ÁTVR kveða allir á um að framleiðendur merki tóbak með varnaðarmerkingum og eru merkingarnar á þeirra kostnað. Ef tóbak er hins vegar sérpantað fær ÁTVR það afhent ómerkt. Í slíkum tilfellum merkir ÁTVR tóbakið og tekur fyrir það gjald að fjárhæð 30 kr. á hverja einingu, auk virðisaukaskatts. Um lítið magn er að ræða og eru tekjur af gjaldinu um 5.000 kr. á mánuði.